

Fundargerð 4. fundar stjórnar Sprotasjóðs 2011-2012

Fundurinn var haldinn, 31. október 2011. Mætt voru á fund í mennta- og menningarmálaráðuneytinu: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar Sprotasjóðs, Rósa Gunnarsdóttir, Björg Bjarnadóttir, Guðfinna Harðardóttir, varamaður, Anna Kristín Sigurðardóttir, varamaður, ásamt Sigrúnu Vésteinsdóttur, verkefnisstjóra Sprotasjóðs.

Sigurjón Mýrdal var fundarstjóri og setti fundinn kl. 9:30. Sigrún Vésteinsdóttir var ritari fundar. Ræddir voru eftirfarandi fundarliðir:

1) Staða sjóðsins eftir síðustu úthlutun.

Umsýsluaðili kynnti stuttlega stöðu sjóðsins og lagði fram yfirlitstöflu yfir þau þrjú ár sem sjóðurinn hefur starfað. Þar kemur fram hvernig styrkir hafa skipts eftir skólastigum.

Yfirlit yfir úthlutunarár Sprotasjóðs:

	2009-2010		2010-2011		2011-2012		Alls	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Leikskólar	5	4.000.000	8	3.900.000	6	7.100.000	19	15.000.000
Grunnskólar	25	17.180.000	25	18.430.000	14	12.900.000	64	48.510.000
Framhaldskólar	9	11.900.000	8	11.500.000	10	19.900.000	27	43.300.000
Þvert á skólastig	5	10.350.000	6	10.950.000	4	4.500.000	15	25.800.000
Alls	44	43.430.000	47	44.780.000	34	44.400.000	125	132.610.000

2) Skipulag/verklag komandi úthlutunarárs.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að Sprotasjóður hafi til úthlutunar á næsta úthlutunarári kr. 49.400.000.

Ákveðið var að stjórn sjóðsins myndi yfirfara rafrænt umsóknarform sjóðsins, ásamt þeim leiðbeiningar sem liggja fyrir til styrkþega um áfanga- og lokaskýrslur. Stjórn sjóðsins mun skoða þessi mál fram að næsta fundi sjóðsins. Rósa Gunnarsdóttir mun senda stjórn afrit af síðasta umsóknarformi og umsýsluaðili mun senda stjórn þær leiðbeiningar sem eru í gildi eru varðandi uppsetningu á áfanga- og lokaskýrslum.

Stjórn sjóðsins ákvað að færa umsóknarferli sjóðsins framár á skólaárið og er stefnt að því að auglýsa eftir umsóknum í desember og að umsóknarfrestur standi til febrúarloka. Áætlað er að yfirferð umsókna fari fram í mars og að hægt verði að úthluta úr sjóðnum í byrjun apríl. Þannig væri hægt að upplýsa skólana fyrr en áður um það hvort að verkefni þeirra hefðu hlotið styrk og gætu þeir þá haft þær upplýsingar til hliðsjónar við undirbúning komandi skólaárs.

Í framhaldi af þessari ákvörðun mun formaður stjórnar stefna að því að leggja fram drög að auglýsingu um næstu úthlutun á næsta fundi sjóðsins.

3) Áherslusvið fyrir næsta úthlutunarár:

Stjórn sjóðsins ræddi stuttlega um áherslusvið næsta úthlutunarárs. Lagt var til að stjórnin myndi kynna sér áherslusvið annarra sjóða og leggja fram tillögur að áherslusviðum á næsta fundi sjóðsins.

Ekki voru fleiri mál til umræðu á þessum fundi og var fundi slitið kl. 11:20